

Vinnureglur vegna mynd- og hljóðupptöku frá fundum sveitarstjórnar Rangárbings ytra

1. Í anda opinna stjórnsýslu og til hægðarauka fyrir áhugasama íbúa þá eru reglubundnir fundir sveitarstjórnar teknir upp (hljóð og mynd) og sendir út í beinni útsendingu þegar mögulegt er. Upptakan er jafnframt gerð aðgengileg á vef sveitarfélagsins að loknum fundi. Aðrar upptökur eru ekki heimilar.
2. Ef gerð eru fundarhlé eða ef gestir koma til fundar við sveitarstjórn þá má gera hlé á útsendingu/upptöku þeim hluta fundar. Þó skal leitast við að sýna fundina í heild ef þess er kostur.
3. Upptökur skulu gerðar aðgengilegar svo fljótt sem verða má að afloknum fundi og að jafnaði er gert ráð fyrir að upptaka sé frágengin á vef innan þriggja virkra daga frá fundi.
4. Ekki er gert ráð fyrir að varðveita upptökur sérstaklega til lengri tíma en þó skal tryggt að hægt sé á hverjum tíma að finna upptökur a.m.k. ár aftur í tímann á vef sveitarfélagsins.
5. Vinnureglur þessar breyta þó ekki því að oddviti hefur ávallt úrslitavald hvað fundarstjórn varðar þ.m.t. hvernig upptökum er háttað að höfðu samráði við sveitarstjórn.

Þannig samþykkt á fundi Sveitarstjórnar Rangárbings ytra 8. febrúar 2017.